

ÁHRIFABÆTTIR ÞROSKA E-412-CDYA



Ár: 2. ár.

Önn: Vorönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: E-214-DEPS Þroskasálfræði.

Skipulag: Kennt í 3 vinnuvikur í lok annar.

Kennari: Inga Dóra Sigfúsdóttir.

Lýsing: Í námskeiðinu verður fjallað ítarlega um þroska einstaklinga. Byggt verður á þeim grunni sem nemendur hafa öðlast á hugtökum og kenningum þroskasálfræðinnar og þekking þeirra dýpkuð og hagnýtt. Þá verður fjallað ítarlega um álag og streitu í lífi barna og ungmenna, svo sem vanrækslu, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi, og áhrif þess á líðan og hegðun. Lögð verður áhersla á að bera kennsl á og skýra verndandi þætti í lífi einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður og hvernig bæta megi hag þeirra og velferð.

Lærdómsviðmið: Að námskeiðinu loknu á hver nemandi að geta:

- Lýst og skýrt líkamlega, vitsmunalega, félagslega og tilfinningalega þætti í þroska einstaklinga með tilheyrandi kenningum og hugtökum.
- Borið kennsl á og fjallað um áhættu- og verndandi þætti í lífi einstaklinga.
- Útskýrt áhrif áhættu- og verndandi þátta á líðan og hegðun einstaklinga.
- Sýnt hæfni til að vinna verkefni á sviðinu með sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsmat: Tímasókn og þátttaka í kennslustundum, krossapróf og lokaverkefni.

Lesefni: Berk, L. (2009). *Development through the Lifespan* (5. útgáfa). Boston: Pearson Education Inc.

Vísindagreinasafn afhent af kennarar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.